

Efnahags- og viðskiptaráðuneyti

Minnisblað

Valkostir skjals:

Áskriftir:

Viðtakandi: **Efnahags- og skattanefndar**
Sendandi: **Efnahags- og viðskiptaráðuneyti**
Dagsetning: **12/09/2010**
Málsnúmer: **EVR10090077**
Bréfalykill: **12.1**

Efni: Viðbrögð við umsögnum við frumvarp til breytinga á lögum um vexti og verðtryggingu (uppgjör gengistryggðra lána).

Tilmæli
ráðherra:

Texti:

1. **Nokkrir umsagnaraðilar lýsa yfir áhyggjum af því hvort að ákvæði frumvarpsins standist gagnvart 72. gr. stjórnarskrárinnar þar sem þau geti verið til þess fallin að skerða kröfuréttindi með afturvirkum hætti. (ASÍ, Slitastjórn SPRON og fleiri)**

Í a. lið 3. gr. frumvarpsins sem er eitt af fimm ákvæðum til bráðabirgða, er kveðið á um að ef húsnæðislán til neytanda eða lán einstaklinga til bifreiðakaupa hafi verið greitt út í íslenskum krónum eða ef umbreyting úr erlendum myntum sé hluti viðkomandi lánessamnings, en endurgreiðsla skuldarinnar miðist að einhverju leyti við gengi erlendra gjaldmiðla, fari um uppgjör vegna ofgreiðslu og framtíðarskilmála skuldbindingarinnar eftir því sem greinir í 18. gr. laganna (2. gr. frumvarpsins). Bent hefur verið á að ákvæðið nái til fleiri lána en ætla má að teljist lán með ólögumætum gengistryggingu á grundvelli niðurstöðu Hæstaréttar í svokölluðum gengistryggingardómum og að það geti því falið í sér brot á 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Ákvæðið sem um ræðir er svohljóðandi:

„Hafi húsnæðislán til neytanda verið greitt út í íslenskum krónum eða umbreyting úr erlendum myntum er hluti viðkomandi lánessamnings, en endurgreiðsla skuldarinnar miðast að einhverju leyti við gengi erlendra gjaldmiðla, fer um uppgjör vegna ofgreiðslu og framtíðarskilmála skuldbindingarinnar eftir því sem greinir í 18. gr. laganna. Afmörkun þeirra skuldbindinga sem falla undir þessa grein skal vera í samræmi við skilyrði ákvæðis B-liðar 68. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003. Sé slíkur lánessamningur til lengri tíma en fimm ára skal þó, ef skuldari kys, að loknu uppgjöri skv. 5. mgr. 18. gr. laganna miða vexti næstu fimm ára þar á eftir við lægstu vexti á nýjum almennum verðtryggðum útlánunum hjá lánastofnunum sem Seðlabanki Íslands ákveður og birtir skv. 10. gr. laganna. Um verðtryggingu skal þá miðað við vísitölu neysluverðs, sbr. 1. mgr. 14. gr., frá uppgjörstigi.“

Að liðnum fimm árum skulu vaxtakjör endurskoðuð og er þá lánveitanda heimilt að ákveða vaxtakjör sem miðast við sambærilegar lánveitingar hans á þeim tíma er til endurskoðunar kemur. Lánveitanda ber að hafa frumkvæði að uppgjöri vegna lána sem falla undir 1. málsl. þessa ákvæðis og skal slíkt uppgjör fara fram innan 90 daga frá gildistöku laga þessara. Ákvæði þetta tekur jafnframt til lánsamninga og eignaleigusamninga sem einstaklingar hafa gert við fjármálaþyrirtæki, sbr. lög nr. 161/2002, vegna kaupa á bifreið til einkanota.“

Í 72. gr. stjórnarskrárinnar er kveðið á um friðhelgi eignarréttar. Segir í ákvæðinu að engan megi skylda til að láta af hendi eigur sínar nema almenningsþörf krefji og þarf til þess lagafyrirmæli og skal fullt verð koma fyrir. Ekki er að finna skilgreiningu á hugtökunum eign og eignaréttur í stjórnarskránni en af fjölmörgum dómum þar sem ákvæðið er túlkað má ráða að ekki er vafi á að kröfuréttindi teljast til eignaréttinda.

Það er ljóst að lagasetning sem felur í sér breytingar á skilmálum lánsamninga getur falið í sér skerðingu á stjórnarskrárvörðum eignaréttindum, að því marki sem breyttir skilmálar lækka höfuðstól eða vexti kröfu. Það þýðir þó að ekki að lagasetning sé ómöguleg, enda hefur verið viðurkennt að löggjafanum sé, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, heimilt að ákveða takmarkanir á eignarrétti án þess að til bótaskyldu stofnist. Í þessu tilviki eru uppi mismunandi skoðanir á því hvort eignaskerðingin geti átt sér stað bótalaust með tilliti til 72. gr. stjórnarskrárinnar. Við mat á því hvenær heimilt er að skerða eignarétt án bóta koma til skoðunar fleiri sjónarmið, m.a. hvort skerðingin sé til komin vegna nauðsynjar eða almannaheilla, málaefnalegra ástæðna, reglan sé skýr og gangi ekki lengra en nauðsyn krefur. Er nauðsynlegt að löggjafinn meti það með tilliti til þeirra hagsmuna sem eru í húfi hvort efnisákvæðið sé ásættanlegt m.t.t. þeirra hugsanlegu skaðabótakrafna sem af því gætu leitt á hendur ríkissjóði. Þau atriði sem þarf að skoða eru eftirfarandi:

a. Almenningsþörf.

Það er skilyrði fyrir skerðingu eignaréttinda að almenningsþörf krefji. Í ákvæðinu felst að einhvers konar samfélagslegir hagsmunir verði að liggja til grundvallar ákvörðun um skerðingu eignaréttinda. Er því nauðsynlegt að aðstaða sú sem fyrir hendi er sé svo þýðingarmikil að það réttlæti eignasviptingu og að eignasvipting sé nauðsynleg til að ná viðunandi lausn.

b. Lagafyrirmæli.

Annað skilyrði fyrir skerðingu eignaréttinda er að til grundvallar henni liggi lagafyrirmæli. Þurfa þau að vera skýr og nægilega sérgreind. Þá er æskilegt að lagafyrirmæli séu eins nákvæm og unnt er þannig að stjórnvöldum sé ekki eftirlátið of mikið mat.

c. Almenn skerðing (jafnræði).

Því almennari sem skerðing er því líklegri er að hún sé bótalaus. Þá er nauðsynlegt að eignaskerðing taki með sama hætti til allra sem eru í sambærilegri stöðu.

Ráðuneytið telur að færð séu fram fullnægjandi rök í athugasemdum við frumvarpið fyrir því að tiltekin eignaréttindi séu skert með þessum hætti, þ.e. málefnaleg rök fyrir því að það varði almannahagsmuni að samræmis sé gætt við uppgjör sambærilegra lána sem einstaklingar hafa tekið til íbúðakaupa.

Eins og áður segir er ljóst að kröfuréttindi falla undir eignaréttarvernd 72. gr. stjórnarskrárinnar. Því er ljóst að réttindi kröfueigenda njóta verndar umrædds ákvæðis. Hins vegar liggur ekki ljóst fyrir hvaða áhrif umræddar aðgerðir mundu hafa á fjárhagsleg réttindi

viðkomandi aðila.

Efnahags- og skattanefnd hefur óskað eftir því að ráðuneytið veiti nefndinni upplýsingar sem auðveldi það mat. Hefur nefndin óskað eftir því að fá upplýsingar um umfang þeirra lána sem hugsanleg bótaskylda gæti skapast vegna, þ.e. þau bíla- og húsnæðislán sem ekki teljast ólögmat á grundvelli dóma Hæstaréttar, en kveðið er á um uppgjör á í ákvæðinu. Ráðuneytið hefur aflað eftirfarandi upplýsinga um málið en miðað er við að öll bílalán falli í flokk ólögmatra lána þannig að ekki komi til bótaskyldu vegna þeirra lána. Varðandi húsnæðislánin gegnir hinsvegar nokkuð öðru máli m.a. þar sem ekki hefur fallið hæstaréttardómur um lögmæti gengistryggingarákvæðis slíkra lána. Samkvæmt upplýsingum frá Fjármálaeftilitinu hafa húsnæðislán verið flokkuð miðað við líkur á lögmæti í sex flokka, A-F þar sem hrein erlend án lenda í A-flokki en hrein ólögmat gengistryggð lán lenda í flokki F. Hlutfallslega skiptingu húsnæðislána má sjá í meðfylgjandi töflu:

A	B	C	D	E	F
0,15%	0,15%	0,15%	1,64%	3,74%	94,18%

Samtals metið tap fjármálafyrirtækja vegna húsnæðislána í flokkum A-E nemur tæpum einum milljarða króna. Ef miðað er við að gengistryggingarákvæð í þeim lánnum yrðu dæmd lögmæt gæti fræðileg hámarks bótaskylda ríkisins vegna þessarar lagasetningar numið sömu upphæð.

Þegar fjallað er um hugsanlega bótaskyldu ríkisins verður einnig að hafa í huga að til að ríkið geti verið bótaskyldt verða lánveitendur að sýna fram á að þeir hafi orðið fyrir tjóni. Þannig verða þeir að sýna fram á að þeir hefðu fengið viðkomandi lán greitt að fullu miðað við upphaflega skilmála ef ekki hefði komið til lagasetningar. Draga má í efa að slíkt sé raunhæft nema með lítinn hluta lána. Þá verður að hafa í huga að flest fjármálafyrirtæki bjóða nú þegar upp á skilmálabreytingar og bjóða sum þeirra svipað úrræði og felst í frumvarpinu. Það er því ekki líklegt að unnt sé að sýna fram á að viðkomandi aðilar hafi orðið fyrir umtalsverðu tjóni.

2. Í umsögn kemur fram að umsagnaraðili telji að það að mismuna fyrirtækjum og einstaklingum eins og gert er í frumvarpinu geti falið í sér brot á 65. og 72. gr. stjórnarskrárinnar og ákvæðum Mannréttindasáttmála Evrópu. (PWC)

Einn umsagnaraðili benti á að það gæti stangast á við ákvæði stjórnarskrár og Mannréttindasáttmála Evrópu að frumvarpið geri greinarmun á fyrirtækjum og einstaklingum varðandi uppgjör og framtíðarkjör gengistryggðra lána.

Í lögum um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 er ekki gerður greinarmunur á réttarstöðu skuldara eftir því hvort um fyrirtæki eða einstaklinga er að ræða. Þannig gilda sömu reglur um heimildir til þess að veita gengistryggð lán til þessara aðila. Ekki gilda þó að öllu leyti sömu reglur um lán til fyrirtækja og einstaklinga. Í lögum má víða finna sérreglur um lán til einstaklinga eða neytenda. Helstu lög sem gera greinarmun á lánnum til einstaklinga og fyrirtækja eru:

- Lög um neytendalán nr. 121/1994.
- Lög um greiðslujöfnun fasteignalána til einstaklinga nr. 63/1985.
- Lög um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins, nr. 107/2009.
- X kafli a. í lögum nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., um greiðsluaðlögun, sbr. lög

nr. 24/2009.

- Skattaleg meðferð á lánum er ólík, t.d. er réttur til vaxtabóta bundinn við einstaklinga.

Að auki er vert að benda á það að allmörg fjármálafyrirtæki, sem sett hafa starfsreglur um uppgjör á skuldum, hafa sett mismunandi reglur um uppgjör skulda einstaklinga og fyrirtækja. Einnig, að þegar gert var samkomulag um notkun sjálfsskuldarábyrgða milli samtaka fjármálafyrirtækja, Neytendasamtakanna og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis, fyrst á árinu 1998, var gildissvið samkomulagsins takmarkað við ábyrgðir einstaklinga og ábyrgðir vegna einstaklinga, þ.e. gerður var greinarmunur á lánum til einstaklinga og fyrirtækja.

Í ljósi þessa virðist það almennt vera viðurkennt, af hálfu löggjafans, stjórnvalda, sem og af hálfu fjármálafyrirtækjanna, að mismunandi sjónarmið gildi um meðferð og uppgjör á lánum til einstaklinga (neytenda) og fyrirtækja, og að hin mismunandi sjónarmið réttlæti ólíkar reglur um meðferð þessara lána. Þá skiptir máli að frumvarpið gengur ekki lengra í mismunun milli fyrirtækja og einstaklinga en nauðsynlegt er til þess að ná fram markmiðum lagasetningarinnar um fjárhagslegan stöðugleika, enda byggist slík lagasetning á efnahagslegri nauðsyn.

Því telur ráðuneytið að lagasetning sem kveður á um mismunandi meðferð mála eftir því hvort um er að ræða einstaklinga (neytendur) eða fyrirtæki fari ekki gegn jafnræðissjónarmiðum sem búa að baki ákvæðum 65. og 72. gr. stjórnarskrárinnar og ákvæðum Mannréttindasáttmála Evrópu.

3. Mörg mál eru nú fyrir dómstólum og einhver mál biða dóms í Hæstarétti. Þá hefur héraðsdómur Reykjavíkur óskað eftir ráðgefandi áliti EFTA dómstólsins. Því er ekki ráðlegt að setja lög um efni sem nú er deilt um fyrir dómstólum (Elvira Mendez)

Í 2. gr. stjórnarskrárinnar er fjallað um þrískiptingu ríkisvaldsins, en ákvæðið hljóðar svo:

„Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið. Forseti og önnur stjórnarvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdarvaldið. Dómsvaldið fara með dómvaldið.“

Ábendingar hafa komið fram um það að með frumvarpi sem ætlað sé að leysa úr réttarágreiningu sé gengið nærri 2. gr. stjórnarskrárinnar og að færa megi rök fyrri því að með setningu laga sem ætlað sé að skera úr um ágreiningsefni sem eru til meðferðar hjá dómstólum fari löggjafinn út fyrir valdmörk sín og gangi í reynd inn á valdsvið dómstóla, enda sé með slíkri lagasetningu verið að svipta dómstóla því hlutverki sínu að skera úr um réttarágreiningu sem þar er til meðferðar.

Í greinargerð með frumvarpinu segir að tilefni að samningu frumvarpsins séu dómur Hæstaréttar Íslands frá 16. júní 2010 í málum nr. 93/2010 og 153/2010 og dómur Hæstaréttar frá 16. september 2010 í máli nr. 471/2010. Í þeim málum komst Hæstaréttar að því að það stríddi gegn ákvæðum laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 að binda lán í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla og að í þeim tilvikum þar sem það hefði verið gert bæri að færa höfuðstól krafna í upphaflegt horf án tillits til gengisbindingar. Í greinargerðinni segir jafnframt:

„Dómar Hæstaréttar um gengistryggð lán hafa leitt í ljós verulega annmarka á framkvæmd laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, bæði að því er varðar skilning á efnisákvæðum

laganna um heimild til verðtryggingar fjárskuldbindinga og þeim uppgjörsglum sem við taka ef ólögmatir skilmálar hafa verið til staðar. Þó að dómur Hæstaréttar hafi létt af mestu óvissunni er engu síður hætt við að ágreiningur verði gerður um lögmæti fjölda samninga á viðtæku sviði skammtíma- og langtímaffjármögnunar. Þá hafa vaknað spurningar um jafnræði meðal skuldara, einkum á neytendamarkaði. Meginmarkmið frumvarpsins er því að draga úr þessari óvissu. Til grundvallar eru lögð þau sanngirnissrök að sambærileg mál fái sambærilega niðurstöðu auk þess að tryggja réttaröryggi við uppgjör lána með óskuldbindandi gengisviðmiðun.“

Ákvæði 3. gr. frumvarpsins er ætlað það hlutverk að jafna stöðu milli neytenda sem tekið hafa tiltekin lán og getur sú aðgerð leitt til þess að krafa aðila samkvæmt gildu erlendu láni lækkar. Valdið til að kveða á um það hvar mörk á milli lögmætra og ólögmatra gengistryggðra lána liggja, er og verður áfram í höndum dómstóla. Greinin hefur hins vegar áhrifa á fjárhæð krafna vegna lána sem um undir greinina falla og getur þannig lækkað gilda og lögmæta kröfu kröfuhafi á hendur skuldara.

Ráðuneytið telur að lögmæti ákvæða frumvarpsins, ef það verður að lögum, muni ráðast af ákvæðum 72. gr. stjórnarskrárinnar og að ósennilegt sé að dómstólar muni telja að löggjafinn hafi ekki heimild skv. 2. gr. stjórnarskrárinnar til að setja lagaákvæði með framangreindu efni. Hér er þó auðvitað um málefni að ræða sem erfitt er að fá nokkra fullvissu um nema á það reyni og því erfitt að tína til fordæmi á hvorn veginn sem er.

4. Í umsögn FME kemur fram athugasemd við að frumvarpið geri í 1. gr. ráð fyrir að leyfa sérstaklega lögaðilum og öðrum aðilum í atvinnurekstri að gera gengistryggða lánsamninga. (FME)

Eins og kemur fram í umsögn Fjármálaeftirlitsins er lítil munur á gengistryggðum lánsamningum og lánum í erlendri mynt, þar sem eini munurinn liggur í gjaldeyrisviðskiptum. Eins og kemur fram í greinargerð með 1. gr. frumvarpsins er það talið til hagræðingar fyrir fyrirtækin í landinu að bæði erlend lán og gengistryggð lán til fyrirtækja verði heimil, m.a. í ljósi fjölbreytilegrar framkvæmdar við veitingu og afgreiðslu þessara lána. Því getur ráðuneytið ekki séð að ástæða sé til að breyta ákvæðum 1. gr. vegna athugasemda FME.

5. Gerð er athugasemd við að óskýrt sé hvaða lán falla undir ákvæði frumvarpsins og að afmörkun á því í 2. mgr. 2. gr. sé óskýr. (LMFÍ, FME, Neytendasamtökin, SFF og UMS)

Í 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins segir að afmörkun þeirra skuldbindinga sem falla undir málsgreinina skuli vera í samræmi við skilyrði ákvæðis B-liðar 68. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003. Umrætt ákvæði tekjuskattslaganna er svohljóðandi:

„B. Vaxtabætur.

Maður sem skattskyldur er skv. 1. gr. og ber vaxtagjöld af lánum, sem tekin hafa verið vegna kaupa eða byggingar á íbúðarhúsnæði til eigin nota, þar með talin kaup á búseturétti samkvæmt lögum nr. 66/2003 og kaup á eignarhlut í almennri kaupleiguíbúð samkvæmt eldri lögum, á rétt á sérstökum bótum, vaxtabótum, enda geri hann grein fyrir lánum og vaxtagjöldum af þeim í sérstakri greinargerð með skattframtali í því formi sem rikisskattstjóri ákveður.

Vaxtagjöld, sem mynda rétt til vaxtabóta, eru vaxtagjöld vegna fasteignaveðlána til a.m.k.

tveggja ára eða lána við lánastofnanir með sjálfskuldarábyrgð til a.m.k. tveggja ára, enda séu lánin sannanlega til öflunar á íbúðarhúsnæði til eigin nota. Sama á við þegar um er að ræða lán frá Íbúðalánasjóði sem tekin eru vegna verulegra endurbóta á íbúðarhúsnæði til eigin nota. Vaxtagjöld vegna lána, sem tekin eru til skemmri tíma en tveggja ára, er einungis heimilt að telja með á næstu fjórum árum talið frá og með kaupári ef um er að ræða kaup á íbúð til eigin nota. Sé um nýbyggingu að ræða er heimilt að telja þau með á næstu sjö árum talið frá og með því ári þegar bygging hefst, eða til og með því ári sem húsnæði er tekið til íbúðar ef það er síðar. Vaxtagjöld teljast í þessu sambandi:

1. Gjaldfallnir vextir og gjaldfallnar verðbætur á afborganir og vexti.

2. Afföll af verðbréfum, vixlum og sérhverjum öðrum skuldaviðurkenningum sem framteljandi hefur gefið út sjálfur og selt þriðja aðila og notað andvirðið til fjármögnunar íbúðar til eigin nota, enda sé kaupandi bréfanna nafngreindur. Afföllin reiknast hlutfallslega miðað við afborganir á lánstímanum.

3. Lántökukostnaður, árlegur eða tímabundinn fastakostnaður, þóknanir, stimpilgjöld og þinglýsingarkostnaður af lánnum.

Til vaxtagjalda teljast ekki uppsafnaðar áfallnar verðbætur af lánnum sem kaupandi yfirtekur við sölu íbúðar né heldur uppsafnaðar áfallnar verðbætur á lán skuldara sem hann greiðir á lánstíma umfram ákvæði viðkomandi skuldabréfs.

Vaxtagjöld til útreiknings vaxtabóta skv. 4. mgr. miðast við fjárhæð vaxtagjalda, sbr. 2. mgr., hjá hverjum framteljanda en geta þó ekki orðið hærri en sem nemur 5% af skuldum sem stofnað hefur verið til vegna öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota eins og þær eru í árslok. Hjá þeim sem skattskyldir eru hluta úr ári vegna brottflutnings á tekjuárinu skal miða við skuldastöðu eins og hún var fyrir brottflutning. Vaxtagjöld samkvæmt þessari málsgrein geta þó ekki verið hærri en 554.364 kr. hjá einstaklingi, 727.762 kr. hjá einstæðu foreldri og 901.158 kr. hjá hjónum eða sambýlisfólki. Hámark vaxtagjalda hjá mönnum, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. hluta úr ári, ákvarðast í hlutfalli við dvalartíma á árinu.

Vaxtabætur skal ákvarða þannig að frá vaxtagjöldum, eins og þau eru skilgreind í 3. mgr., skal draga fjárhæð sem svarar til 6% af tekjuskattsstofni. Framangreint hlutfall skal þó lækkað um 0,5 á hverju ári sem maður á rétt á vaxtabótum samfellt vegna sama íbúðarhúsnæðis umfram 25 ár. Hafi maður fengið vaxtabætur samfellt vegna sama íbúðarhúsnæðis í 36 ár skal frádráttur á grundvelli tekjuskattsstofns falla niður. Með tekjuskattsstofni í þessu sambandi er átt við tekjur skv. II. kafla laganna, að teknu tilliti til frádráttar skv. 1., 3., 4. og 5. tölul. A-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 30. gr. og frádráttar skv. 31. gr. Hjá hjónum eða sambýlisfólki, sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 62. gr. í lok tekjuárs, skal við útreikning miðað við samanlagðar tekjur beggja að teknu tilliti til frádráttar samkvæmt framansögðu. Hið sama á við um fólk sem sannanlega er í sambúð og heldur heimili saman þótt skilyrði til skráningar á sambúð séu ekki uppfyllt. Þannig ákvarðaðar vaxtabætur skerðast hlutfallslega fari eignir skv. 72. gr., að frádregnum skuldum skv. 1. mgr. 75. gr., fram úr 7.119.124 kr. hjá einstaklingi og 11.390.599 kr. hjá hjónum eða sambýlisfólki uns þær falla niður við 60% hærri fjárhæð. Vaxtabætur greiðast út að lokinni álagningu opinberra gjalda og miðast við vaxtagjöld viðkomandi tekjuárs og eignir í lok þess sama árs. Við ákvörðun vaxtabóta á því ári þegar maður aflar sér íbúðarhúsnæðis, en hefur ekki fengið vaxtabætur árið áður, skal þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. þessarar málsgreinar reikna vaxtabætur frá og með þeim ársfjórðungi sem fyrsta fasteignaveðlán vegna kaupanna er tekið. Skal hámark vaxtagjalda, tekjuskattsstofn og hámark vaxtabóta þá ákveðið hlutfallslega miðað við það. Vaxtabætur geta aldrei verið hærri en 189.957 kr. fyrir hvern mann, 244.299 kr. fyrir einstætt foreldri og 314.134 kr. fyrir hjón eða sambýlisfólk sem uppfyllir skilyrði fyrir samsköttun, sbr. 3. mgr. 62. gr., í lok tekjuárs. Hámark vaxtabóta hjá þeim sem skattskyldir eru skv. 1. gr. hluta úr ári ákvarðast í hlutfalli við dvalartíma á tekjuárinu. Vaxtabætur, sem eru lægri en 692 kr. á mann, falla niður.

Réttur til vaxtabóta er bundinn við eignarhald á íbúðarhúsnæði til eigin nota. Rétturinn stofnast þegar íbúðarhúsnæði til eigin nota er keypt eða bygging þess hefst. Jafnframt getur stofnast réttur til vaxtabóta vegna lána frá Íbúðalánasjóði sem tekin eru vegna verulegra endurbóta á íbúðarhúsnæði til eigin nota.

Réttur til vaxtabóta fellur niður þegar íbúðarhúsnæði telst ekki lengur til eigin nota. Sé íbúðarhúsnæði selt án þess að hafin sé bygging eða fest kaup á íbúðarhúsnæði til eigin nota á sama ári fellur réttur til vaxtabóta niður frá þeim tíma sem sala átti sér stað. Við útreikning vaxtabóta skal þá miða við skuldastöðu eins og hún var við sölu.

Skipta skal vaxtabótum til helminga milli hjóna. Sama gildir um sambýlisfólk sem uppfyllir skilyrði fyrir samsköttun, sbr. 3. mgr. 62. gr., í lok tekjuárs, enda þótt það óski ekki eftir að vera skattlagt samkvæmt þeirri grein.

Ef annað hjóna, sem á rétt á vaxtabótum, fellur frá skal ákvarða eftirlifandi maka, sem situr í óskiptu búí, vaxtabætur eins og um hjón sé að ræða næstu fimm ár eftir lát maka.

Heimilt er að greiða fyrir fram ársfjórðungslega áætlaðar vaxtabætur til þeirra sem festa kaup á íbúðarhúsnæði til eigin nota á árinu 1999 og síðar. Skulu áætlaðar vaxtabætur greiddar út fjórum mánuðum eftir lok hvers ársfjórðungs.

Áætlaðar vaxtabætur skal miða við gjaldfallna og greidda vexti hvers ársfjórðungs af þeim veðlánnum sem tekin eru til öflunar íbúðarhúsnæðis, þó ekki meira en fjórðung af hámarki vaxtagjalda, sbr. 3. mgr.

Frádrátt frá vaxtagjöldum hvers ársfjórðungs, sbr. 4. mgr., skal miða við fjórðung af staðgreiðsluskuldum tekjum síðustu 12 mánaða á undan honum að viðbættum þeim tekjum utan staðgreiðslu sem fram koma á skattframtali fyrra árs. Fyrirframgreiddar vaxtabætur fyrir hvern ársfjórðung skulu eigi vera hærrí en fjórðungur af hámarki vaxtabóta, sbr. 4. mgr.

Sá sem rétt kann að eiga til fyrirframgreiðslu vaxtabóta á því ári sem hann aflar sér íbúðarhúsnæðis skal sækja um fyrirframgreiðsluna til ríkisskattstjóra og leggja fram tilskildar upplýsingar. Lánastofnanir, lífeyrissjóðir og aðrir aðilar sem veita lán til íbúðarkaupa gegn veði í fasteign skulu veita skattyfirvöldum nauðsynlegar upplýsingar til að ákvarða fyrirframgreiðslu vaxtabóta. Ráðherra skal með reglugerð setja nánari reglur um ákvörðun og fyrirframgreiðslu vaxtabóta. Úrskurður ríkisskattstjóra um fyrirframgreiðslu vaxtabóta skal vera endanleg úrlausn málsins á stjórnarsýslustigi.

Komi í ljós að maður hefur fengið greiddar vaxtabætur án þess að eiga rétt á þeim skal honum gert að endurgreiða þær að viðbættu 15% álagi. Fella skal niður álagið samkvæmt þessari málsgrein ef maður færir rök fyrir því að honum verði eigi kennt um þá annmarka á framtali er leiddu til ákvörðunar ríkisskattstjóra.“

Reglur um skuldajöfnun vaxtabóta á móti opinberum gjöldum til ríkissjóðs, opinberum gjöldum til sveitarfélaga og vangreiddum meðlögum til Innheimtustofnunar sveitarfélaga þar á meðal um forgangsröð, skulu settar í reglugerð.“

Tillaga frumvarpsins um að miða gildissvið ákvæðisins við þau lán sem uppfylla skilyrði ákvæðis B-liðar 68. gr. laga um tekjuskatt er liður í því að setja reglu sem er skýr, gengur ekki lengra en nauðsyn krefur og tekur til allra í sambærilegri stöðu. Til að geta tryggt þetta með sem bestum hætti og til að tryggja að ákvæðið tæki til þeirra sem tekið hafa lán til kaupa eða byggingar á íbúðarhúsnæði til eigin nota þótti rétt að vísa til viðmiðs skattalaga. Viðmiðs sem nú þegar er lögfest og hefur verið beitt um nokkurt skeið og löggjafinn hefur áður beitt við setningu laga sem ívilna skuldurum fasteignalána umfram skuldara annarra lána.

Af ummælum í greinargerð er ljóst að það er ekki skilyrði fyrir því að ákvæðið nái til lána að viðkomandi skuldari hafi fengið vaxtabætur á grundvelli B-liðar 68. gr. laga um tekjuskatt.

6. *Gerð er athugasemd við að 3. mgr. 2. gr. feli í sér ranga innleiðingu á tilskipun*

93/13/EBE um neytendavernd, en í ákvæðinu segir að vexti samkvæmt ákvæðum 1. mgr. skuli reikna frá og með stofnþegi peningakröfu, nema samið verði um annað, sbr. 3. gr. og að þetta geti haft í för með sér bótaskyldu fyrir ríkissjóð. (Borgarahreyfingin) Þá er gerð athugasemd við að frumvarpið fari í mörgum atriðum gegn ákvæðum evrópsk neytendaréttar þar sem það feli í sér ákvæði sem séu ósanngjörn gagnvart neytendum. (Elvira Mendez) Umboðsmaður skuldara leggur til að aflað verði lögfræðilíts um það hvort að frumvarpið sé í samræmi við EES-samninginn. (UMS) Umsagnaraðili bendir á að ákvæði 2. gr. frumvarpsins samræmist ekki neytendasjónarmiðum sem fram koma í 36. gr. samningalaga þar sem ákvæðið geti verið mjög íþyngjandi fyrir neytendur. (PWC) Koma þarf skýrt fram að með lagasetningunni sé ekki verið að útiloka betri rétt neytandans. (Athugasemdir Ásu Ólafsdóttur)

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu er tilefni framlagningar þess dómur Hæstaréttar frá 16. júní 2010 sem skáru úr um ólögsmæti bindingar lána í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla og dómur réttarins frá 16. september 2010 um vaxtareikning slíkra ólögsmætra gengistryggðra lána. Byggjast ákvæði frumvarpsins um uppgjör lánanna á forsendum dóms Hæstaréttar frá 16. september 2010. Í dómnum kom skýrlega fram að vextir láns þess sem deilt var um í málinu voru tengdir beint við vexti á millibankamarkaði í London af lánnum í jenum og svissneskum frönskum, sem hin ógilda gengistrygging samkvæmt samningi aðilanna miðaðist við. Taldi rétturinn að slík vaxtakjör af láninu gætu ekki komið til álita nema í tengslum við gengistryggingu þess. Því var talið að hvorki væri unnt að styðjast við þau fyrirmæli óbreytt eftir orðanna hljóðan né gefa þeim með skýringu annað inntak, enda lá fyrir að á millibankamarkaði í London hafa aldrei verið skráðir LIBOR vextir af lánnum í íslenskum krónum. Vegna þessa var óhjákvæmilegt að ógildi ákvæðisins um gengistryggingu leiði til þess að líta verði með öllu fram hjá ákvæðum samningsins um vaxtahæð. Í samningnum um gengistryggð lán eru almennt ákvæði um að skuld beri vexti. Þar sem ekki er hægt að beita fyrirmælum samninganna um útreikning vaxtanna taldi Hæstiréttur í dómnum frá 16. september að atvik svöruðu til þess að samið hefði verið um að greiða vexti af peningakröfu án þess að tiltaka hverjir þeir skyldu vera. Í dómi Hæstaréttar segir svo:

„Samkvæmt 4. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 38/2001 skulu vextir þegar svo stendur á vera á hverjum tíma jafnháir vöxtum, sem Seðlabanki Íslands ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum útlánnum hjá lánastofnunum og birtir eru samkvæmt 10. gr. laganna. Fjárhæð fjórðu varakröfu aðaláfrýjanda er reist á því að skuld gagnáfrýjanda við hann sé óverðtryggð og beri vexti þessu til samræmis.“

Því gengur dómur Hæstaréttar út frá því að ákvarða þurfi vexti af samningnum frá upphafsþegi á grundvelli ákvæða 3. og 4. gr. vaxtalaga þar sem ekki var hægt að styðjast við ákvæði samningsins um útreikning vaxta. Eru ákvæði frumvarpsins í samræmi við þetta. Þau mæla því ekki fyrir um leiðréttingu eða breytingu vaxtaútreiknings eða vaxtaálag á of- eða vangreiðslur, heldur útreikning vaxta frá upphafi samningsins út frá nýjum forsendum þar sem upphaflegar forsendur vaxtaútreiknings eru brostnar.

7. Gerð er athugasemd við fortakslausa skyldu 5. mgr. 2. gr. að setja verðtryggt lán í greiðslujöfnun. Þá er bent á að óvertryggð lán geti ekki verið greiðslujöfnuð. (SFF).

Í lok 5. mgr. 2. gr. frumvarpsins segir að nýti skuldari sér rétt til verðtryggingar veðláns skv. 2. mgr. skuli greiðslujöfnun aftur taka gildi og skuli greiðslumark skv. 3. gr. laga nr. 63/1985 taka gildi á því tímamarki sem umreikningur lánsins miðast við. Í athugasemdum frá SFF kemur fram að þessi fortakslausa skylda frumvarpsins til að setja verðtryggt lán í

greiðslujöfnun sé óheppileg. Telja verður að ábendingin eigi rétt á sér og að eðlilegt sé að kveða á um það í frumvarpinu að skuldari eigi möguleika á að óska eftir því að vera undanþeginn greiðslujöfnun, líkt og lánþegi getur gert á grundvelli 2. gr. laga nr. 63/1985.

Málsliðurinn gæti þá hljóðað svo:

Nýti skuldari sér rétt til verðtryggingar veðláns skv. 2. mgr. skal greiðslujöfnun aftur taka gildi, nema skuldari óski sérstaklega eftir að vera undanþeginn greiðslujöfnun, og skal greiðslumark skv. 3. gr. laga nr. 63/1985 taka gildi á því tímamarki sem umreikningur láns samkvæmt þessari málsgrein miðast við.

8. *Gerð er athugasemd við 6. mgr. 2. gr. þar sem kveðið er á um að við endurgreiðslu til lögaðila sé kröfuhafa heimilt að taka tillit til allra lánsviðskipta þeirra í milli og draga frá þann ávinning sem lögaðili kann að hafa haft vegna ólögmætra vaxta eða verðtryggingarákvæða þar sem umsagnaraðili telur þetta gana gegn stjórnarskrárbundnum eignarétti lánþega. (Borgarahreyfingin) Athugasemdir hafa komið fram um að ákvæði um skuldajafnaðarrétt varðandi endurgreiðslur til lögaðila í 6. mgr. 2. gr. sé óþarft þar sem slíkur réttur sé alla jafna fyrir hendi. (LMFÍ) Aðrir telja ákvæðið óskýrt. (PWC, SA, SFF og UMS)*

Ákvæðið sem um ræðir er svohljóðandi:

„Við endurgreiðslur til lögaðila er kröfuhafa heimilt að taka tillit til allra lánsviðskipta þeirra í milli og draga frá þann ávinning sem lögaðili kann að hafa haft vegna ólögmætra vaxta og/eða verðtryggingarákvæða. Með ávinningi er átt við mismun á vöxtum samkvæmt 4. gr. og umsömdum en ólögmætum vöxtum og verðtryggingu.“

Taka má undir að inntak framangreinds ákvæðis sé ekki skýrt og að ekki sé heldur skýrt hvernig eigi að beita því. Þá hafa komið fram ábendingar um að umrædd regla geti falið í sér aðgerð sem raskar hagsmunum sem varðir eru af 72. gr. stjórnarskrárinnar. Því telur ráðuneytið að ástæða geti verið til að fella ákvæðið brott.

9. *Gerð er athugasemd við 8. mgr. 18. gr., sbr. 2. gr. frumvarpsins og telur umsagnaraðili að uppgjör ætti frekar að fara eftir rótgrónum reglum kröfuréttar um aðilaskipti að kröfum og reglum um viðskiptabréf. (PWC)*

Lokamálsliðir 8. mgr. 2. gr. er svohljóðandi:

„Sé aðili ekki lengur skuldari láns skal mismunur vegna greiðslna og leiðrétting höfuðstóls vegna ólögmætrar verðtryggingar koma til sérstaks uppgjors. Sé aðili enn skuldari skal mismunur greiðslna færður á höfuðstól láns eða dreginn frá honum samkvæmt öðrum ákvæðum þessarar greinar.“

Vegna framangreinds ákvæðis þess efnis að mismunur við endurútreikning á láni skuli færður á höfuðstól, hvort sem um er að ræða til hækkunar eða lækkunar, hefur verið bent á tvö atriði sem talinu eru þess eðlis að vafi geti leikið á um það hvort þau standist ákvæði 72. gr. Fyrra atriðið lítur að því að samkvæmt almennum reglum um skuldajöfnuð sé óvíst að fyrir hendi væri réttur hjá fjármálafyrirtæki til þess að skuldajafna fjárhæðum sem hugsanlega hafa verið ofgreiddar við ógjaldfallnar eftirstöðvar skuldarinnar. Seinna atriðið varðar það álitaefti hvort fjármálafyrirtæki eigi kröfu á hendur skuldara um leiðréttingu á því sem vangreitt reynist. Í

Því sambandi hefur verið vísað til þess að fjármálafyrirtækin beri ábyrgð á skjalagerðinni og því sé það þeirra sök ef láncsamningurinn reynist ólögmætur og svo hitt atriðið að óvíst sé að kröfuhafi, út frá orðalagi núgildandi 18. gr. laga nr. 38/2001, eigi endurkröfu á skuldara vegna þess sem vangreitt hefur verið vegna ógildra samningsákvæða.

Varðandi *fyrri álitafnið*, að með frumvarpsdrögunum sé verið að veita kröfuhafa heimild til skuldajöfnunar verið niðurstaða endurútreiknings sú að skuldari hafi ofgreitt á útreikningsdegi, verður ekki tekið undir þá skoðun að ástæða sé til að ætla að ákvæði þetta fari gegn ákvæðum 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Við mat á lögmæti ofangreindrar heimildar verður að horfa til þess að um er ræða nýja almenna reglu um uppgjör milli kröfuhafa og skuldara í þeim tilvikum sem þar sem endurreikna þarf skuld vegna ólögmætra skilmála. Ekki er sjálfgefið að þeir aðilar sem ofgreiði samkvæmt samningsákvæðum, sem síðar reynast ógild, eigi endurkröfurétt á hendur þeim aðila sem mótttekið hefur ofgreiðslu. Um það má vísa til almennra reglna kröfuréttarins um skilyrði endurgreiðslu á ofgreiddu fé. Ný almenn réttarregla sem sett er í ákvæði 8. mgr. 2. gr., þess efnis að of- og vangreiðsla lántakanda á láncsamningi, sem endurreiknaður er skv. ákvæðum 18. gr., leggist við eða dragist frá nýjum endurreiknuðum höfuðstól láncsamningsins, tryggir þannig hagsmuni hvort tveggja kröfuhafa og skuldara og tryggir að kröfur sem verða til vegna of- og vangreislu tapist ekki.

Ákvæðið tryggir einnig að hvorugur aðila eigi kröfu á hinn um greiðslu, á meðan gagnkvæmar kröfur eru enn fyrir hendi samkvæmt samningi þeirra. Hafa verður í huga að það gæti verið þeim þungbært að fá slíka kröfu á sig óvænt vegna ógildingar á samningsákvæði um vexti eða verðbætur. Leiðir ákvæðið til þess að þeir fjármunir sem hafa skipt um hendur, haldast hjá þeim sem mótttekið hefur þá, að því marki sem gagnkvæmar kröfur leyfa. Í þessu sambandi þarf að hafa í huga að kröfuhafinn í þessu tilviki getur verið einstaklingur, þó líklega sé oftast um að ræða fjármálafyrirtæki. Telja verður að um sé að ræða sanngjarna og eðlilega reglu og að setning hennar sé innan þeirra marka sem löggjafinn hefur til þess að skipa málum með nýjum hætti við uppgjör, reynast ákvæði láncsamninga ólögmæt.

Þó halda megi því fram með réttu að reglan takmarki ráðstöfunarheimildir skuldara yfir eign sinni, eru engin fjárhagsleg verðmæti eða fjármunir sem hann hefur undir höndum, af honum tekin. Um er að ræða kröfu um endurgreiðslu á fjármunum sem hann hefur áður sjálfur, eða fyrir einhverja lögmæta innheimtuaðgerð, ráðstafað til greiðslu á skuldinni. Ekki er því verið að taka af viðkomandi fjármuni sem hann hefur ætlað til annarra nota eða hefur haft réttmætar væntingar um að stæðu honum til reiðu. Eign hans í þessu tilviki er krafa, sem orðið hefur til vegna ofgreiðslu á samningi, og tryggir ákvæðið að hann fái að fullu notið þeirrar kröfu og tryggir jafnframt að henni verði ráðstafað til að lækka vaxtaberandi skuld, en slíkt er heldur ekki sjálfgefið eftir almennum reglum kröfuréttarins. Þá nær ákvæðið aðeins til þess að ráðstaða endurkröfunni inná viðkomandi láncsamning en ekki til að skuldajafna henni við aðrar kröfur milli aðila, um slíka skuldajöfnun gilda almennar reglur.

Að því leyti sem talið verður að ákvæðið takmarki umráðarétt skuldara yfir endurkröfu sinni verður að telja að um sé að ræða reglu sem feli í sér almenna takmörkun sem byggð er á málefnalegum rökum og taki hún til allra sem eru í sömu stöðu. Ekki er því ástæða til þess að ætla að efnisregla þessi fari gegn ákvæðum 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Varðandi *seinna álitafnið* um að vafi leiki á því að kröfuhafi eigi við þessar aðstæður kröfu á hendur skuldara, um þá fjárhæð sem hann telst hafa vangreitt, eftir endurútreikning, verður að

telja að úr því álitaefni hafi verið leyst með dómi Hæstaréttar í málinu nr. 471/2010, sem kveðinn var upp þann 16. september s.l. Í málinu reyndi á sjónarmið þess efnis hvort lánveitandi eigi kröfu á hendur lántaka vegna þess sem hann telst hafa vangreitt, eftir endurreikning skv. 4. gr. vaxtalaga nr. 38/2001. Féllst Hæstiréttur á endurkröfu lánveitanda vegna þess sem lántaki taldist hafa vangreitt eftir endurútreikning á skuldinni. Í því máli var kröfuhafinn fjármálafyrirtæki sem bar alfarið ábyrgð á skjalagerð vegna lánveitingarinnar og því að lánssamningurinn reyndist ólögmatgur. Var í málinu sjónarmiðum í þessa veru haldið fram af hálfu skuldara, án árangurs.

Ráðuneytið telur því að ekki sé ástæða til þess að efast um að kröfuhafi geti átt endurkröfu á hendur skuldara, reynast ákvæði lánssamnings um vexti eða verðbætur ógild. Það getur hins vegar ráðist af ýmsum atvikum hvort sú krafa teljist niður fallin t.d. vegna afhendingar á viðskiptabréfum, vegna fullnaðarkvittunar eða vegna annars sem skiptir máli varðandi eftirgjöf kröfu.

10. ***Bent er á að ákvæði 9. mgr. 2. gr. sem mælir fyrir um að ákvæði 18. gr. vaxtalaga skulu eftir því sem við á eiga við um aðra aðila, sem og ábyrgðarmenn sem innt hafa af hendi greiðslur fyrir skuldara sé óframkvæmanlegt þar sem fjármálafyrirtæki geti ekki vitað hvort einhver annar en skuldari hafi greitt af láni. Nauðsynlegt er að leggja tilkynningaskyldu á aðila sem vilja fá endurgreitt. (SFF)***

Ráðuneytið telur að nokkurs misskilnings gæti í umsögn SFF um þetta atriði og bendir á að í ákvæðinu er skýrlega tekið fram að það eigi við ef ábyrgðarmaður eða veðeigandi sanni rétt sinn, sbr. orðalag síðari málsliðar málsgreinarinnar: „Sanni ábyrgðarmaður eða veðeigandi rétt sinn...“

11. ***Fram hafa komið athugasemdir um að óskýrt sé hvenær ákvæði um vexti og verðtryggingu teljast ógild. Þá sé mikilvægt að ákvæði frumvarpsins stangist ekki á við ákvæði laga um neytendalán. (Neytendastofa)***

Sem svar við þessu telur ráðuneytið mikilvægt að skýrt komi fram að frumvarpinu er ekki ætlað að kveða á um það hvort að tiltekin samningsákvæði séu ógild eða verði það við setningu laganna, heldur er í frumvarpinu kveðið á um að um uppgjör vegna þeirra samninga sem undir það falla skuli fara eftir 18. gr. frumvarpsins.

Við samningu frumvarpsins var þessu álitaefni velt upp og niðurstaðan varð sú að ekki var talið rétt að kveða á um gildi samninga í lögum, enda hafi dómstólar vald til að kveða upp úr um það. Þá er ekki talið að nauðsynlegt sé að kveða uppúr um gildi lána í lögum til þess að ná fram markmiðum ákvæðisins um að jafna stöðu tiltekinna neytenda sem hafa tekið erlend lán til að fjármagna húsnæðis- eða bílakaup.

12. ***Bent hefur verið á að ákvæði í a-lið 3. gr. séu óskýr. Sérstaklega sé óljóst hvað átt sé við með „ofgreiðslu“ og „eignaleigusamningi“. Þá þykir óljóst af hverju kaupleigusamningar falla ekki undir ákvæðið. (LMFÍ, FME, Neytendastofa, SFF og UMS) Þá var í umsögnum gerð athugasemd við að f-liður 3. gr. sé óskýr. Hugtakið kaupleigusamningur sé ekki skýrt þar né annars staðar í lögum og ákvæðið virðist einungis eiga við lán vegna bifreiða, en þó sé ekkert tekið fram um það. (LMFÍ, FME, Neytendastofa, SFF og UMS)***

Hvað varðar umfjöllun um hvað felst í hugtakinu ofgreiðsla er vísað til umfjöllunar hér að framan.

Hugtakið eignaleigusamningur er notað í lokamálslið a-liðar 3. gr. Þar segir að ákvæðið taki jafnframt til „...lánessamninga og eignaleigusamninga sem einstaklingar hafa gert við fjármálafyrirtæki, sbr. lög nr. 161/2002, vegna kaupa á bifreið til einkanota.“ Í skýringum við ákvæðið í greinargerð segir að jafnframt þyki rétt að svokölluð bílalán einstaklinga falli undir reglu a-liðar 3. gr. hvort heldur sem um er að ræða lánessamning eða eignaleigusamning. Það er því ljóst að frumvarpinu er ætlað að taka til lánessamninga og eignaleigusamninga, en með eignaleigusamningum í frumvarpinu er átt við alla undirflokkka eignaleigusamninga, þ.e. fjármögnunarleigusamninga og kaupleigusamninga. Rekstrarleigusamningar eru almennt einnig taldir undirhugtak eignaleigusamninga, sbr. ákvæði laga nr. 123/1993 og laga nr. 161/2002, en þeir eiga ekki við um ákvæði a-liðar þar sem það ákvæði fjallar einungis um lánsamninga neytenda.

13. *Ábendingar koma fram í umsögnum um að í d-lið 3. gr. sé óþarfi að kveða á um svo víðtækan rétt til endurupptöku mála. (SFF og UMS)*

Vegna athugasemda við d-lið 3. gr. vill ráðuneytið benda á að í ákvæðinu felst ekki tillaga um að víkka út endurupptökuheimildir mála að öðru leyti en því að lagt er til að tímafrestir verði lengdir án tillits til þess hvort að þeir eru liðnir eða ekki. Gert er ráð fyrir að heimildir til endurupptöku vari í 9 mánuði eftir gildistöku laganna verði frumvarpið að lögum.